

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

- Að Laugavegur verði óslitin göngugata frá Frakkastíg að Ingólfsstræti.
- Að undanþága sem heimilar akstur á göngugötu Laugavegar milli Frakkastígs og Klapparstígs vegna vöruafhendingar, aðkomu að baklóðum og annarra sem hafa heimild til að aka göngugötu, verði frá Frakkastíg til vesturs.
- Að heimilaður verði akstur á göngugötu Vatnsstígs, frá Hverfisgötu og að lóð nr. 4 við Vatnsstíg, vegna aðkomu að og frá Vatnsstíg 4.
- Að heimilaður verði akstur yfir göngugötu Laugavegs frá Klapparstíg úr norðri, að Klapparstíg sunnan Laugavegs.
- Að heimilaður verði akstur yfir göngugötu Laugavegs frá Bergstaðastræti úr suðri að Smiðjustíg norðan Laugavegs.

Jafnframt hefur samgöngustjóri, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

- Að óheimilt verði að leggja í bifreiðastæði á Hverfisgötu við Vatnsstíg milli kl. 7 og 14 virka daga, milli kl. 8 og 14 laugardaga og milli kl. 9 og 12 sunnudaga. Bifreiðastæðið verði merkt með gjaldskyldu milli kl. 14 og 21 virka daga og laugardaga, og milli kl. 12 og 21 á sunnudögum. Á öðrum tímum verði engar takmarkanir á notkun bifreiðastæðisins.
- Að eitt bifreiðastæði við Bergþórugötu verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
- Að gönguverun yfir Hörgshlíð við Hlíðaskóla verði merkt sem gangbraut.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Skrifstofu stjórnsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, 7. mars 2024.

Dagný Alma Jónasdóttir lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 21. mars 2024